

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við þágildandi skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 samþykkti sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps eftirfarandi deiliskipulag:

Deiliskipulag frístundahúsalóðar úr landi Neðra-Apavatns.

Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir nýrri, 6.873 m², lóð úr landi Neðra-Apavatns lnr. 169324 við Fannalæk þar sem heimilt verður að byggja allt að 150 m² frístundahús ásamt 40 m² gestahúsi.

Samþykkt í sveitarstjórn 3. nóvember 2010.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 4. júlí 2011.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps,

Pétur Ingi Haraldsson.